

Matfugl ehf.
Tómas Jónsson
Völuteigi 2
270Mosfellsbær

Reykjavík, 6. október 2021
UST202103-157/gf
08.12.02

Varðar reglubundið eftirlit 2021 – þaueldi Matfugls ehf. að Melavöllum á Kjalarnesi.

Þann 10.8.2021 fór fram eftirlit í þaueldisbúi Matfugls ehf. að Melavöllum á Kjalarnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð. Rekstraraðila var bent á ábyrgð rekstraraðila gagnvart húsdýra-
áburði búsins og að fræða skal notendur hans og gera skriflegan samning við þá um
ábyrga notkun.

Tvö frávik frá kröfum fundust. Grænt bókhald og útstreymisbókhald rekstraraðila fyrir
árið 2020 bárust ekki fyrr en 6. júní og 20. ágúst sl., þótt skilafrestur sé 1. maí ár hvert.
Þar sem gögnin hafa nú skilað sér þá er frávikunum nú lokað og verður engin eftirfylgni
út af þessu.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkursvæðis